

# Hólmgarður í Stykkishólmi

Lystigarða og græn svæði má finna í flestum þéttbýliskjörnum, þetta eru oft sannkölluð bæjarprýði. Hólmgarður er fallett svæði í miðju Stykkishólmsbæjar og þar ætti að halda háum viðhaldsstuði. Ýmislegt er hægt að gera til að fegra garðinn og vekja hann til fyrri reisnar. Hér að neðan eru tillögur garðyrkjufraeðings eftir úttekt. Þessari skýrslu fylgir plöntulisti og skyssa af Hólmgarði skv. tillögum.

## Tillögur að framkvæmdum

### Lautir

Með því að skera út ný beð í grasflötina og planta þar runnum má búa til lautir, svokallaða bolla en það eru hugguleg lítil afdrep þar sem fólk getur setið í grasinu í svolitlu næði. Svona lautir/bolla má t.d. sjá víða í grasagarðinum í Reykjavík og eru þeir vinsælir á sumrin enda veita þeir næði.

Það sem þarf: kaupa runna. Mannskapur vinnuskólans og verkfæri úr áhaldahúsi.

### Göngustígurinn

Núverandi göngustígur er með öllu ónýtur og hann þarf að endurnýja. Vel hirtur stígur er mikil prýði í almenningsgarði. Það er mín tillaga að stígurinn verði fjarlægður og nýr hellulagður stígur komi í staðinn sem fyrst (sumar 2011). Lega stígsins í Hólmgarði er hagkvæm og skal halda sér sem og breidd og lengd. Ég legg til *óðalsstein* frá B.M.Vallá í stíginn og *óðalskantstein* báðum megin á lengdina með öllum stígnum. Þannig mun stígurinn standa örloftið ofar en grasflötin og stígurinn vera jafnhár kantsteininum í hæðina. Ath. að kostnaður við jarðvegsskiptingu verður ekki mikill þar sem þegar er gott undirlag undir núverandi stíg.

Það sem þarf: kaupa hellur, kantstein og efni undir stíginn. Mannskapur bæjarins, verkfæri og tæki úr áhaldahúsi.

### Lýsing

Það er mikil prýði og hagnýtt gildi í fallegru lýsingu við göngustíga. Ég legg til að fjárfest verði í lýsingu við stíginn í Hólmgarði.

### Grasflötin

Grasflötin er dældótt og súrefnissnauð. Í henni er töluvert af snarrót og fíflum. Með einföldum, markvissum og reglulegum aðgerðum er hægt að bæta gæði grasflatarinnar til muna. Til að fá súrefni í grasflötina þarf að gata hana. Það er venjulega gert með sérstakri graskötnarvél en er líka vel hægt með stungugöfllum. Eftir götnun er sérstakri blöndu af sandi, áburði og grasfræi sáldrað yfir alla grasflötina. Markmiðið með þessu er tvíþætt. Annarsvegar að sandurinn og fræið setjist í götin og haldi þeim þannig sem loftgötum áfram í stað þess að mold og jarðvegsefni setjist í þau með tímanum. Hinsvegar sest sandurinn í dældir en grasið vex upp úr sandinum. Þannig má

segja að þessi aðgerð sé jarðvegshækkun. Þetta þarf að endurtaka þrisvar sinnum yfir vor- og sumarmánuðina og það a.m.k. þrjú ár í röð til að árangur náist.

Það sem þarf: kaupa grasfræ. Starfsfólk vinnuskólans, verkfæri, efni og tæki úr áhaldahúsi.

### Hlaðin beð

Til að fegra Hólmgarði þarf að breyta plöntubeðunum þar. Í dag má sjá móta fyrir gömlum fjölæringabeðum í grasflötinni við háu trén nyrst í garðinum. Upphækkuð plöntubeð gefa landslag og líf í garðinn og þau er mun auðveldara að hirða en beð sem liggja í sömu hæð og grasflötin. Ég legg til að útbúin verði falleg hlaðin plöntubeð í garðinum sjálfum en til þess má nota náttúrugrjót úr landi bæjarins. Eftir að búið er að planta í beðin er rétt að sanda þau til að minnka illgresisvöxt og auðvelða umhirðu. Nota skal sérstakan beðasand sem skemmir ekki gróðurinn og þykktin á sandlaginu á að vera 5 - 7 cm. Þeim megin við grjótið sem grasflötin er, skal hafa a.m.k. 5 cm breiða sandrönd, svokallaða þrifarönd til að grasið vaxi ekki upp með grjótinu og til að auðveldara sé að sinna slætti upp við beðin. Svo legg ég til að óðalskantsteinn verði notaður við enda göngustígsins til að gera plöntubeð þar. Í beðin er sjálfsagt að nota þær fjölæru plöntur sem til eru fyrir í gömlu beðunum.

Það sem þarf: kaupa óðalskantstein. Mannskapur bæjarins, verkfæri og tæki úr áhaldahúsi. Náttúrugrjót úr bæjarlandinu.

### Steinhæðin

Vestast í Hólmgarði er gömul steinhæð sem fallett væri að rækta upp að nýju. Það þarf ekki mikla fyrirhöfn eða kostnað, einungis að planta þar nokkrum fjölæringum og móagróðri auk þess að passa vel slátt á þessu svæði eftir útplöntun.

Það sem þarf: kaupa nokkrar fjölærar plöntur (burkna og maríustakk). Starfsfólk vinnuskólans og verkfæri úr áhaldahúsi.

### Gosbrunnurinn

Í fallegum lystigörðum eru oft listaverk og munir sem draga að sér athygli fólks. Ég vil leggja til að sem fyrst verði settur upp gosbrunnur í Hólmgarði. Svo skemmtilega vill til að Stykkishólmsbær á gamlan gosbrunn og ég legg til að þessi gosbrunnur verði notaður. Gosbrunnar laða að börn og fugla en að sjáfsögðu verður að ganga úr skugga um að gosbrunnurinn sjálfur og frágangur hans standist ströngustu öryggiskröfur.

Það sem þarf: mannskapur bæjarins, verkfæri og tæki úr áhaldahúsi.

### Fjölærar plöntur

Með því að auka hlutfall fjölærra plantna í garðinum má til frambúðar minnka kostnað við kaup á sumarblómum. Fjölærar plöntur vaxa upp frá rótinni að vori en falla að hausti. Þær vaxa og styrkjast með tímanum og þannig er hægt að skipta þeim eftir nokkurra ára vöxt og nota á fleiri staði. Ég legg til að þær fjölæru plöntur sem fyrir eru

Í garðinum verði notaðar í nýju beðin en einnig að keyptar verði nokkrar til viðbótar, nokkrar látlausar og svolítið íslenskar í útliti eins og Garðamariústakkur og burknar.

Það sem þarf: kaupa nokkrar fjölærar plöntur og nota þær sem til eru í garðinum. Starfsfólk vinnuskólans og verkfæri úr áhaldahúsi.

## Runnar og laukar

Í Hólmgarði þarf að fjölga runnum. Runnar veita skjól og geta verið augnayndi séu réttar tegundir valdar saman. Huga þarf að endanlegri hæð runnanna en hugsunin er sú að þá eigi ekki að þurfa að klippa. Þetta minnkar viðhald og gefur garðinum náttúrulegan blæ. Til er ógrynni tegunda og þarf að vanda valið til að heildarsvipur garðsins sé fallegur en látlaus.

Haustlaukar eru settir niður að hausti en blómstra á vorin.

Vorlaukar eru settir eru niður að vori og blómstra um hásumar.

Laukar eru tiltölulega ódýrir miðað við þá fegrun sem þeir veita umhverfi sínu. Flestir gleðjast á köldu vori þegar laukarnir birtast í litadýrð sinni og boða komu sumarsins. Þess vegna legg ég til að haustlaukar verði settir niður í Hólmgarði. Sjá teikningu í viðaukum.

Það sem þarf: kaupa runna og lauka. Starfsfólk áhaldahúss, tæki og verkfæri úr áhaldahúsi.

## Upplýsingaskilti

Hvergi við Hólmgarðinn kemur það fram hvað hann heitir en hinsvegar er þar að finna stórt skilti sem á stendur *Freyjulundur*. Sumir hafa haldið að garðurinn sjálfur heiti Freyjulundur og því er þetta svolítið villandi þar sem aðeins tréhúsið í garðinum heitir það. Upplýsingaskilti eru gagnleg og mjög áhugaverð fyrir gestkomandi jafnt sem heimamenn og ég legg til að einu slíku verði komið fyrir í Hólmgarði. Svona skilti þurfa ekki að vera stór og ég vil leggja til að skiltið í Hólmgarði verði ekki stærra en A4 blað og þá getur það staðið á einum fæti á látlausum stað. Á skiltinu kæmi fram nafnið á garðinum, nokkrar sögulegar staðreyndir og jafnvel gömul ljósmynd.

## Borð og bekkir

Þegar meira skjól og gróðurvöxtur er kominn í Hólmgarð er tilvalið að fjölga þar bekkjum og jafnvel borðum.

Stykkishólmi, júní 2011

Sigríður Ólöf Sigurðardóttir, skrudgarðyrkjufraeðingur